

179

Áður tilkynnt prókúruumboð til handa bókhaldara Elíasi Halldórssyni afturkallast hér með.

Einar Þorgilsson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að á aukafundi, sem haldinn var í Hlutafélaginu „Dvergur“ — Flygenring & Co. þann 22. nóv. þ. á., var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra hluthafa í félaginu, að auka hlutaféð um kr. 32300.00.

Hið nýja hlutafé var allt innborgað með þeim hætti, að nokkrum hluta varasjóðsins var varið til hlutakaupanna.

Hlutaféð er nú alls kr. 97300.00.

Hafnarfirði, 30. nóv. 1934.

Í stjórn H/F „Dvergur“ — Flygenring & Co.

Guðmundur Einarsson. St. Sigurðsson. Guðjón Jónsson.

180

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1934.

Skrás. 1934, nr. 1.

Tilkynnt 9. janúar 1934, kl. 3 síðd., af Sandvikens Jernverks Aktiefölag, verksmiðjurekstur, Sandviken í Svíþjóð, og skrásett 23. s. m.

Orðið:

SANDVIK

Merkið er skrásett í Stokkhólmi 2. janúar 1885 fyrir: Járn, stál í hellum (blökkum), stangir, blakkir, bönd, blikk, plötur, pípur, bita, sagir og sögunarvélar, handiðnaðartæki úr járni og stáli og fjaðrir úr járni eða stáli.

Samkv. útskrift úr sænsku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 11. maí 1908 og skrásetning þess síðast endurnýjuð 9. desember 1924.

Skrás. 1934, nr. 2.

Tilkynnt 9. janúar 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 23. s. m.
Mynd af öngli utan um fisk.



Samkv. tilkynningu 25. janúar 1888, er merkið skrásett í Stokkhólmi 6. febrúar s. á. fyrir: Járn og stál í hellum (blökkum), stangir, blakkir, bönd, blikk, plötur, pípur, bita, sagir og sögunarvélar, handiðnaðartæki úr járni og stáli og fjaðrir úr járni eða stáli. — Er sú skrásetning síðast endurnýjuð 26. júlí 1927.

Skrás. 1934, nr. 3.

Tilkynnt 10. janúar 1934, kl. 11 árd., af H/f „Shell“ á Íslandi, verzlun, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Mynd af skel, en þar fyrir neðan orðin: SHELL DIESOLINE.



SHELL DIESOLINE

Merkið er skrásett fyrir eldsneytisoliur, sérstaklega eldsneyti fyrir hraðfara Dieselhreyfla í dráttarvélum á vegum.

Skrás. 1934, nr. 4.

Tilkynnt 10. janúar 1934, kl. 11 árd., af Standard Oil Company, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, N.Y., Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 1. febr. s. á.

Orðið:

ESSOLEUM

Samkv. tilkynningu 12. júlí 1933 er merkið skrásett í Washington 14. nóvember s. á. fyrir smurningsfeiti.

Skrás. 1934, nr. 5.

Tilkynnt 12. janúar 1934, kl. 3 sídd., af Ólíuverzlun Íslands h/f, heildsöluverzlun, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

1934

450

180



DIESOLEUM

Stafirnir „BP“ innan í skildi og neðan við skjöldinn orðið: DIESOLEUM.
Merkið er skrásett fyrir allar oliutegundir.

Skrás. 1934, nr. 6.

Tilkynnt 12. janúar 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 1. febrúar s. á.



Stafirnir „BP“ innan í skildi.
Merkið er skrásett fyrir allar oliutegundir.

Skrás. 1934, nr. 7.

Tilkynnt 26. jan. 1934, kl. 11 árd., af Lever Brothers, Limited, sápugetð,
Port Sunlight, Cheshire, Englandi, og skrásett 16. febr. s. á.



Aflangur einkennismiði, ætlaður til umbúða, með blómatáknmyndum, sem mynda borða, utarlega til beggja handa, eftir endilöngum miðanum, en mitt á milli standa orðin: LUX TOILET SOAP. Á miðanum eru einnig fleiri blómatáknmyndir að ofan og neðan, en efst stendur nafn tilkynnanda og heimaland. Merkið er skrásett í London 31. maí 1929, 48. flokki, fyrir ilmsápur.

Skrás. 1934, nr. 8.

Tilkynnt 24. febrúar 1934, kl. 12 á háð., af Joseph Rank, Limited, hveitimylnur, Hull, Englandi, og skrásett 28. s. m.

Orðið:

GODETIA

- 180 Merkið er skrásett í London 22. apríl 1905, 42. flokki, fyrir hveiti, og sú skrásetning síðast endurnýjuð 22. apríl 1933. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 29. október 1912.

Skrás. 1934, nr. 9.

Tilkynnt 24. febrúar 1934, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 28. s. m.
Orðið:

PLANET

Merkið er skrásett í London 10. júlí 1912, 42. flokki, fyrir hveiti, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 10. júlí 1926. Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 27. marz 1929.

Skrás. 1934, nr. 10.

Tilkynnt 10. marz 1934, kl. 11 árd., af Peter Lassen Mogensen, Iyfsala, Reykjavík, og skrásett 10. apríl s. á.



Orðið: A m a n t i, ritað með skriflettri á sporbaugslagaðan hring.

Merkið er skrásett fyrir: Konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillusykur, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarliti, ávaxtaliti, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðir eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hármædul, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kertí og skóaburð, allskonar fægilög, fægíduft, bón, vélaolíur, vagnaburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, og er orðið „Amanti“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1934 nr. 11.

Tilkynnt 4. apríl 1934, kl. 4 síðd., af Otto Mönsted A/S, smjörlikisgerð, Köbenhavn, og skrásett 21. s. m.

Orðið:

Pancol

180

Samkv. tilkynningu 12. febrúar 1934, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. marz s. á. fyrir: Matarolíur, smjörliki, palmín og annað meltanlegt feitmeti, svo og hráefni og bætiefni til framleiðslu slíkra vörutegunda.

Skrás. 1934, nr. 12.

Tilkynnt 4. apríl 1934, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 21. s. m.
Orðið:

Siccol

Samkv. tilkynningu 12. febrúar 1934, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. marz s. á. fyrir: Matarolíur, smjörliki, palmín og annað meltanlegt feitmeti, svo og hráefni og bætiefni til framleiðslu slíkra vörutegunda.

Skrás. 1934, nr. 13.

Tilkynnt 17. apríl 1934, kl. 11 árd., af Aktieselskabet H. E. Gosch & Co's Tændstikfabrikker og Aktietændstikfabrikken Godthaab, verzlun, Köbenhavn, og skrásett 11. maímánaðar s. á.



Á ferstrendum, ilöngum miða með umgerð úr tvöföldum línun sést Fönið-fugl, sem með útbreiddum vængjum stígur úr eldhafi. Þar fyrir ofan stendur í bogalínu: PHÖNIX-TÆNDSTIKKER fyrir neðan orðin: Imprænerede og: Paraffinerede. Neðst á miðanum standa orðin: H. E. Gosch & Co. Köbenhavn, fyrir neðan fram- og afturhlið tveggja minnispeninga, sem að nokkru leyti hylja hvor annan. Skáhalt yfir miðann er lettrað: GOSCH & Co.

Samkv. tilkynningu 30. janúar 1918, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. marz s. á., fyrir eldspýtur, og er sú skrásetning síðar endurnýjuð 23. marz 1928.

Skrás. 1934, nr. 14.

Tilkynnt 23. apríl 1934, kl. 3 síðd., af Sælgætis og efnagerðin Freyja h/f., Reykjavík, og skrásett 22. maí s. á.



Aflangur, ferhyrndur einkennismiði með tvöfaldri umgerð. Á miðann er letrað orðið: Petit, með skriflettri, en undir því til hægri handar orðið: Sükkulaði.

Merkið er skrásett eingöngu fyrir sükkulaði.

Skrás. 1934, nr. 15.

Tilkynnt 19. desember 1933, kl. 2 síðd., af H/f. Svanur, smjörlíkis- og efnagerð, Reykjavík, og skrásett 22. maí 1934.

Orðið:

SVANA VÍTAMÍN

Merkið er skrásett fyrir: Smjörlíki, jurtafæiti, tólg, smjör, sükkulaði, konfekt, brjóstsýkur, kryddvörur, kaffi og kaffibæti.

Skrás. 1934, nr. 16.

Tilkynnt 27. apríl 1934, kl. 4 síðd., af Mjólkurfélag Reykjavíkur, mjólkurbú og verzlun, Reykjavík, og skrásett 25. maí s. á.

Orðin:

M.R.
STASSANOTM

Merkið er skrásett fyrir stassaniseraða mjólk og rjóma.

Skrás. 1934, nr. 17.

180

Tilkynnt 23. marz 1934, kl. 11 árd., af Socony Vacuum Corporation, oliu-
verzlun, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 29. maí s. á.

Orðið:

SOCONY

Samkv. tilkynningu 6. maí 1922 er merkið skrásett í Washington 2. janúar
1923, 15. flokki, fyrir: Oliur og feiti, steinolíu og afurðir úr steinolíu, með eða
án blöndunar annara efna, til ljósa, hitunar, orku, brennslu, smurningar, upp-
lausnar, innsíglunar, vatnspéttunar, húðunar, ryð- eða fúavarnar og herðingar.
— Er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 12. nóvember 1931.

Skrás. 1934, nr. 18.

Tilkynnt 31. marz 1934, kl. 12 á háð., af Standard Oil Company of New
Jersey, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-
Ameríku, og skrásett 29. maí s. á.


Orðið:

ESSOMARINE

Samkv. tilkynningu 12. júlí 1933 er merkið skrásett í Washington 14. nóv-
ember s. á. fyrir smurningsolíur.

Skrás. 1934, nr. 19.

Tilkynnt 2. maí 1934, kl. 11 árd., af Hljóðfærahus Reykjavíkur, verzlun,
Reykjavík, og skrásett 29. maí s. á.



Mynd af grammófónplötu, ljósri að lit eða silfurlitaðri, og standa í boga
yfir henni orðin: r ö d d y ð a r, og á henni miðri stafurinn: á, en þvert yfir
plötuna neðanverða liggur dökkt band og á það letrað með hvítum stöfum orðið:
s i l f u r p l ö t u n n i !

- 180 Merkið er skrásett fyrir hljóðrita til þess að taka upp á plötur hverskonar söng, ræður, tal eða annað sem að slíku lýtur, svo og fyrir plötur til slíkrar framleiðslu, einnig fyrir hvers konar grammófóna, grammófónplötur, nálar, radiogrammófóna eða hluta úr ofangreindum tækjum.

Skrás. 1934, nr. 20.

Tilkynnt 17. maí 1934, kl. 10. árd., Johan Ellerup, lyfsala, Seyðisfirði, og skrásett 31. s. m.

BÁRA

Orðið: B Á R A með hvítum stöfum á bláum, ferhyrndum grunni.

Merkið er skrásett fyrir allskonar efnagerðar-, sælgætis- og hreinlætisvörur, svo sem konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar þrjústyskur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillusukur, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarlíti, ávaxtalíti, allskonar dropa, olíur og safa, sem notaðir eru til heimilisþarfa, kaffibæti, tannpasta, hármæðul, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, ilmvoðn og öll önnur fegrunarefni, allskonar fægilög, allskonar sápur, þvottaefni, kertí, skóáburð, fægíduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóða, skúringaðuft, brons, líti, blek, lakk og olíur.

Er orðið „Bára“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1934, nr. 21.

Tilkynnt 25. maí 1934, kl. 11 árd., af Joseph Rank, Limited, hveitimylmur, London, Englandi, og skrásett 9. júlí s. á.

Orðin:

RANK'S FAMILY PRIDE FLOUR

Merkið er upphaflega skrásett í London 29. október 1887, 42. flokki, fyrir hveiti, en tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi þess 18. maí 1901 og endurnýjuð skrásetning síðan fram farið 29. október 1929.

Skrás. 1934, nr. 22.

Tilkynnt 25. maí 1934, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 9. júní s. á.

Orðið:

SUMA

Merkið er skrásett í London 13. janúar 1931, 42. flokki, fyrir hveiti.

Skrás. 1934, nr. 23.

Tilkynnt 19. maí 1934, kl. 4 sídd., af Zwirnerei Ackermann A.-G., verkmiðja og verzlun, Sontheim í Þýzkalandi, og skrásett 19. júlí s. á.



Fornt kvenmannshöfuð í hringmyndaðri umgerð. Neðst í hringnum eru tvær báruínur.

Samkvæmt tilkynningu 1. okt. 1894 er merkið skrásett í Berlín 19. desbr. s. á. fyrir allskonar bómullargarn og bómullarþráð, allskonar saumgarn, heklugarn og staglþráð úr bómull og öðrum jurtaefnum. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 13. janúar 1920, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 4. febrúar 1934.

Skrás. 1934, nr. 24.

Tilkynnt 19. maí 1934, kl. 4 sídd. af sama, og skrásett 19. júlí s. á.



Tvö krosslögð sverð.

Samkvæmt tilkynningu 1. október 1894, er merkið skrásett í Berlín 14. desember s. á. fyrir allskonar bómullargarn og bómullarþráð, allskonar saumgarn, heklugarn og staglþráð úr bómull og öðrum jurtaefnum. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 13. janúar 1920, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 4. febrúar 1934.

Skrás. 1934, nr. 25.

Tilkynnt 19. maí 1934, kl. 4 sídd., af sama, og skrásett 19. júlí s. á.



Hringmyndaður miði. Í miðju hans eru tveir krosslagðir lyktar. Þar fyrir ofan sést með svörtum stöfum á hvítum grunni orðið: ACKERMANN'S, en fyrir neðan með hvítum stöfum á svörtum grunni orðið: SCHLÜSSELGARN.

Samkvæmt tilkynningu 1. október 1894 er merkið skráseti í Berlín 16. september 1896 fyrir allskonar bómullargarn og bómullarþráð, allskonar saumgarn úr bómull og öðrum jurtaefnum. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 13. janúar 1920, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 4. febrúar 1934.

Skrás. 1934, nr. 26.

Tilkynnt 27. júlí 1934, kl. 12 á háð., af H. W. Lange & Co., Kommanditfélag, mölunarverksmiðja, Altona (Elbe) í Þýskalandi, og skrásett 7. sept. s. á.



Orðið: EL DORADO í bogadreginni línu. Neðan við er strikaður hálfhringur og gengur hvítur þríhyrningur upp í hann, en á þríhyrningnum er mynd af verksmiðju. Utan með eru þrír strikaðir reitir (niður af stöfunum E og O)

hvoru megin. Neðan við myndina stendur: Kilo Allerfeinstes Weizen-Auszugmehl **180** ásamt nafni og heimilisfangi tilkynnanda.

Samkvæmt tilkynningu 7. september 1931, er merkið skrásett í Berlín 4. marz 1932 fyrir hveitiekstraktmjöl.

Skrás. 1934, nr. 27.

Tilkynnt 27. júlí 1934, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 7. september s. á. Orðið:

ALBIS

Samkvæmt tilkynningu 11. marz 1934, er merkið skrásett í Berlín 31. maí s. á. fyrir mjöl, og sú skrásetning endurnýjuð 11. marz 1934.

Skrás. 1934, nr. 28.

Tilkynnt 27. júlí 1934, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 7. september s. á. Orðið:

Daconsas

Samkv. tilkynningu 8. desember 1930 er merkið skrásett í Berlín 9. febr. 1931 fyrir mjöl.

Skrás. 1934, nr. 29.

Tilkynnt 25. ágúst 1934, kl. 12 á háð., af The General Electric Company, Limited, verksmiðja, London, Englandi, og skrásett 7. september s. á.

Stafirnir:

G. E. C.

Merkið er skrásett í London 18. júní 1906, í 6., 8. og 13. flokki, fyrir rafvélar og hluta af þeim, rafmagnstæki og áhöld og rafmagnstengistykki úr málm. Er sú skrásetning síðast endurnýjuð 18. júní 1934.

Skrás. 1934, nr. 30.

Tilkynnt 12. júní 1934, kl. 3 síðd., af Stanco Incorporated, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 14. sept. s. á. Orðið:

Mistol

Samkv. tilkynningu 4. apríl 1933, er merkið skrásett í Washington 22. ágúst s. á. fyrir sprautuvökva til lækninga á nefi og hálsi, vökvablöndur til að lækna með nef og háls, blöndu til lækninga á öndunarferum, vöðvum, limum og til notkunar við nuddlækningar utan á líkama.

Skrás. 1934, nr. 31.

Tilkymnt 18. sept. 1934, kl. 2 síðd., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a. Main, Þýzkalandi, og skrásett 4. október s. á.
Orðið:

Wollstra

Samkv. tilkynningu 17. ágúst 1929, er merkið skrásett í Berlin 16. febrúar 1931, fyrir garn og tvinna úr ullartaugum og tilbúnum spunataugum, svo og fyrir ofna og þrjónaða dúka úr því.

Skrás. 1934, nr. 32.

Tilkymnt 21. september 1934, kl. 3 síðd., af Buchs Farvefabrik, verksmiðja, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 4. október s. á.



Á ferstrendum, ilöngum miða sést fyrir innan skrautlínur mynd af bakara með krosslagða handleggi. Þar fyrir neðan standa í umgerð orðin: G j æ r - p u l v e r. og: „FERMENTA“, og í annari umgerð: Extra prima Kvalitet, en neðst orðin: Buchs kem. Fabrikker, Kjöbenhavn, B. **180**

Samkv. tilkynningu 11. júlí 1908, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 18. júlí s. á. fyrir lyftiduft, og sú skrásetning síðast endurnýjuð 18. júlí 1928.

Skrás. 1934, nr. 33.

Tilkynnt 21. september 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 4. okt. s. á.

Orðið:

EVOLIN

Samkv. tilkynningu 11. febrúar 1926, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 6. marz s. á. fyrir bökunarduft og lyftiduft.

Skrás. 1934, nr. 34.

Tilkynnt 21. sept. 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 4. okt. s. á.

Orðið:

Nuralin

Samkv. tilkynningu 26. ágúst 1924, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 20. sept. s. á. fyrir líti til heimalitunar.

Skrás. 1934, nr. 35.

Tilkynnt 9. ágúst 1934, kl. 12 á háð., af Junkers & Co., G. m.b H., verk-smiðja og verzlun, Dessau/Anh., Þýzkalandi, og skrásett 27. október s. á.

Orðið:

JUNKERS

Samkv. tilkynningu 13. júní 1933 er merkið skrásett í Berlin 12. október s. á. fyrir:

Hitateknisk tæki og áhöld, hitaskiptitæki og hluta af þeim, heittvatnsveitur og einstaka hluti af þeim, tæki til framleiðslu á heitu og sjóðandi vatni og gufu, sjálfvirkja á volgu, heitu og sjóðandi vatni, vökvaræsis-upphitunartæki, vökva-hitageyma (Accumulatorer), gerilsneyðitæki, baðofna, vatnsleiðslur, böð og sal-erni, baðker og steypuböð, hitaveitur og einstaka hluta af þeim, upphitunartæki

180 og áhöld, hitaofna og eldstæði fyrir loftkennt, fljótandi og fast eldsneyti og rafmagn, hitakatla fyrir heittvatnsveitur til upphitunarbúnaðar í iðnfyrirtækjum, vatnsgeymsluker fyrir samskonar, lofthitaða miðstöðvarofna, svo og rif- og „lamel“-áhöld til hitunar og kælingar með gufu-, loft- eða vökvarekstri, loft-ræsi og önnur tæki til lofthreyfingar fyrir vatnshitatæki, vindhlífðarbúnað og sogtemprara, rykleiðslur og -rör í eldstæði, bakstraumsöryggi og tæki til burt-sogs og þrýstiauknings, lofthreinsunarbúnað, gaseyðandi áhöld og tæki til vatns-hitunar og til hitunar, suðu og lýsingar, gasveitur og hluta af þeim, suðu-, steik-ingar-, bökunar-, sviðingartæki og -áhöld, eldavélar, bræðsluofna og ljósáhöld og -tæki, brennara fyrir loftkennt og fljótandi eldsneyti, brennaramunnstykki, loft-síur og aukatæki við ofangreindar vörur, sérstaklega gas- og vatn-aukatæki, lok-ur, snerla, temprara, sérstaklega þrýstitemprara og hitatemprara, hitadreifara, öryggisgaslokur, kveikjaöryggi, vatnsleysisöryggi, reyköryggi, blöndunarbatteri, kveikitæki fyrir gas, svo og fyrir gaskveikjara, kælibúnað, kæli- og frystivélar, kælitæki og -áhöld, kæli- og frystiskápa og hluta úr þessum vörum, þrýstivélar, þéttara, eimara, kælislöngur og munnstykki í kælibúnað, flatlokur og aðrar temprunarlokur, rafbúin hitatemprunartæki, raf- og hitaþreifara á slík, visis-, reynslu- og mælingabúnað, sérstaklega vatnshæðarmæla, þrýstimæla (Mano-metre) og hitamæla, allskonar innanhúss- og eldhústæki, búsaáhöld og tæki, gljádráttartæki, ryksugur, straujárn, strauvélar, þvottavélar, skoðunarvélar og aðrar vélar og áhöld til meðferðar á þvotti svo og þurkskápa.

Skrás. 1934, nr. 36.

Tilkynnt 11. ágúst 1934, kl. 11 árd., af General Motors Corporation, verk-smiðja, Detroit, Michigan, Bandaríkjunum N.-Ameríku, og skrásett 27. okt. s. á. Stafirnr:

GM

Samkv. tilkynningu 28. febrúar 1934 er merkið skrásett í Washington 10. júlí s. á. fyrir: Hemlafóður, hemlaskófleti, tengslisplötufleti, súgvélaréimar, þétt-ingar, hjólataugshlífar úr málm, bulluhringi og sambandsslöngur við hitunar-ofna; viðgerðar- og varahluti við mótórfarartæki — sem sé hemlakefli, hemla-skó, hemlastengur, hemlalagningskamba, hemlakaðalshylki, högghemla og hluta af þeim, kufangara, framása, nöfhettur, bilfjaðrir, fjaðrablöð, stýrisnibbur, stýrisnibburif, krónubolta, stýrisásrif og hjólnöf, jafnþrýstimótora og við-gerðar- og varahluti á þá — sem sé kambása, tengistengur, sveifarása, sveifarás-legur, gangásstengur, mismunadrif og hluta af þeim, greinistykki, súgvélar, súg-vélakringlur, kasthjól, bullur, bullateina, kippálmur, kippstoðir, vatnsdælur og

hluta af þeim, lokur, lokuhreyfistengur og lokugorma; tengsli og hluta af þeim **180**
 — sem sé tengslishús, tengslisplötur, tengslisplötunöf, tengslishreyfivogstengur,
 tengslisskarir, tengslhreyfivogir, tannhjól, kraftyfirfærslutæki og hluta af þeim;
 kraftyfirfærsluhús. kraftyfirfærsluása og universalliði og hluta af þeim.

Skrás. 1934, nr. 37.

Tilkynnt 2. okt. 1934 kl. 3 síðd., af Skjelskör Frugtplantage, A/S, framleiðsla
 Skjelskör, Danmörku, og skrásett 5. nóvember s. á.

Orðið:

SPINATIN

Samkv. tilkynningu 25. apríl 1931 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn
 16. maí s. á. fyrir blöndur til að auka lífsafl og mótstöðuafli gegn sjúkdómum í
 hinum mannlega líkama.

Skrás. 1934, nr. 38.

Tilkynnt 5. nóv. 1934, kl. 12 á háð., af Aspro Limited, verksmiðja, Slough,
 Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 16. s. m.

Orðið:

ASPROS

Merkið er skrásett í London 16. apríl 1934, 3. flokki, fyrir meðalablandanir
 handa mönnum.

Skrás. 1934, nr. 39.

Tilkynnt 27. nóv. 1934, kl. 4 síðd. af Nu-Enamel Corporation, verzlun
 Chicago, Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

Orðin:

NU-ENAMEL

Samkv. tilkynningu 29. júlí 1933 er merkið skrásett í Washington 14. nóv-
 ember s. á. fyrir málningablöndur, emaljemálningu, tilbúið skellakk, farfa,
 lakkemálningu, fljótandi gljááburð á húsgögn og oliugrunnmálningu.

Ennfremur auglýsist á ný, vegna breytingar á firmanafni tilkynnanda:

- 180** Skrás. 1934, nr. 27. Tilkynnt 27. júlí 1934, af H. W. Lange & Co., A/G., mölunarverksmiðja, Altona (Elbe), Þýzkalandi, og skrásett 7. september s. á. Orðið:

ALBIS

Samkv. tilkynningu 11. marz 1934 er merkið skrásett í Berlín 31. maí s. á. fyrir mjöl og sú skrásetning endurnýjuð 11. marz 1934.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43, 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

Skrás. 1914, nr. 7.

Eimskipafélag Íslands h/f, frá 6. júní.

Skrás. 1924, nr. 1.

Norsk Hydro-Elektrisk Kvælstof A/S, Oslo, frá 10. jan.

Skrás. 1924, nr. 2.

Sjóvátryggingarfélag Íslands, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 5.

Dansk Andels Ægexport, Köbenhavn, frá 1. febr.

Skrás. 1924, nr. 6.

General Motors Corporation, Detroit, N.-Am., frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 9.

A/S Aalborg Portland-Cement-Fabrik, Aalborg, frá 27. marz.

Skrás. 1924, nr. 10.

J. Wix & Sons, Ltd., London, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 14.

Det Danske Petroleum-Aktieselskab, Köbenhavn, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 20.

Sami, frá 12. júní.

Skrás. 1924, nr. 24.

Mishawka Rubber and Woolen Manufact. Comp., Mishawka, N.-Am., frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 25.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 28.

Osrám G.m.b.H., Kommanditgesellschaft, Berlin, frá 16. júní.

180

Skrás. 1924, nr. 29.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 30.

J. S. Fry & Sons, Ltd., Bristol, Englandi, frá 5. júlí.

Skrás. 1924, nr. 31.

Colgate-Palmolive-Peet-Comp., Chicago, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 32.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 34.

Stanco Incorporated, Wilmington, N.-Am., frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 35.

Wanderer-Werke A/G, Schönau, Þýzkalandi, frá 22. júlí.

Skrás. 1924, nr. 36.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 37.

H/f Hamar, Reykjavík, frá 23. ágúst.

Skrás. 1924, nr. 38.

Aarhus Oliefabrik A/S, Aarhus, frá 17. oktbr.

Skrás. 1924, nr. 39.

The B. F. Goodrich Company, New York, frá 22. nóvbr.

Ennfremur hafa eftirgreind merki verið afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1914, nr. 4.

Det Danske Petroleum-Aktieselskab, Köbenhavn, 14. marz.

Skrás. 1914, nr. 5.

Thor E. Tulinius, Köbenhavn, 25. apríl.

Skrás. 1914, nr. 6.

Blyth & Platt, Ltd., Watford, Englandi, 6. júní.

Skrás. 1924, nr. 7.

Edward Young & Co., Ltd., London, 9. febr.

180

Skrás. 1924, nr. 17.

Jens Georg Nielsen, Köbenhavn, 29. marz.

Skrás. 1924, nr. 33.

Standard Oil Company, Bayonne, N.-Am., 5. júlí.

Skrifstofa vörunerkjaskráritarans í Reykjavík,

31. des. 1934.

181

S K R Á

yfir hlutafélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu 1934.

1. H.f. Súkkulaðiverksmiðjan Sirius, Reykjavík.
2. H.f. Timburverzlunin Skógur, Reykjavík.
3. H.f. Huginn, Ísafirði.
4. Olíufélagið Atlantic h.f., Reykjavík.
5. Raftækjaheildsalan h.f., Reykjavík.
6. Fiskveiðahlutafélagið Pétursey, Hafnarfirði.
7. Hlutafélagið Amanti, Reykjavík.
8. Steindórsprent h.f., Reykjavík.
9. Eimskipafélagið Fram, Reykjavík.
10. Alþýðuhús Reykjavíkur h.f., Reykjavík.
11. Hlutafélagið Hampiðjan, Reykjavík.
12. H.f. Vestfjarðabáturinn, Ísafirði.

182

S K R Á

yfir samvinnufélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu 1934.

1. Samvinnufélagið Gullfoss.
2. Pöntunarfélag Eskfirðinga, Eskifirði.
3. Samvinnufélagið Sólmundur, Akranesi.
4. Byggingarfélag Alþýðu, Hafnarfirði.
5. Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík.
6. Samvinnufélagið Tindastóll, Sauðárkróki.
7. Samvinnufélag Seyðfirzkra sjómanna, skammstafað S. S. S., Seyðisfirði.
8. Byggingar-samvinnufélagið Þórsmörk, Reykjavík.
9. Bryggjufélag útgerðarmanna á Stokkseyri (B. F. Ú.).
10. Byggingarfélag Vestmannaeyja.
11. Byggingarsamvinnufélagið. Félagsgarður, Reykjavík.
12. Samvinnufélagið Þórhaddur á Stöðvarfirði.